



3. FRÉTTABRÉFIÐ, JÚLÍ 2023

Fréttir af *Need to Connect* verkefningu!

Vilnius Uni

Vilnius University stóð fyrir málþinginu "Motherhood Today – what Remains Silenced" í samstarfi við Center for Equality Advancement and the National Human Rights' Forum 9. í desember 2022. Þar gafst tækifæri til að kynna niðurstöður "Need to Connect" glöppugreiningarinnar fyrir bæði ungum mæðrum og öðrum hagaðilum sem geta notið góðs af afurðum verkefnisins. Málþingið dró fram ólík sjónarmið og umræðu um staðalmyndir og flókin veruleika mæðra í samtímanum.



CESIE stóð fyrir tveimur af þremur lotum í tilraunakennslu á NTC námskránni og námsefningu í júní 2023. Þjálfari CESIE var Soad Ibrahim og þátttakendur voru mæður sem bjuggu í kvennaathvarfi og voru þolendur kynbundins ofbeldis. Endurgjöf þátttakenda var mjög jákvæð, allar mæðurnar sem tóku virkan þátt og andrúmsloftið var bæði afslappað og skemmtilegt í gegnum allar æfingarnar. Mæðurnar deildu jafnt tilfinningum sínum, erfiðleikum og draumum sem hjálpaði þeim að kynnast og tengjast betur bæði sjálfum sér og hvor annarri.

CESIE

Einurð

Tilraunakennsla í Need to Connect verkefningu mun eiga sér stað á Íslandi frá 14. til 23. ágúst 2023 og lokamálþing verkefnisins verður haldið 30. ágúst í samstarfi við [Fjölskyldumiðstöð Reykjavíkurborgar í Gerðubergi](#). Á málþinginu verða kynnt fyrirmyndarverkefni sem miða að því að styðja og valdefla mæður, foreldra og fjölskyldur svo sem: [MemPlay](#), fjölskyldustarf [Borgarbókasafnsins í menningarhúsum borgarinnar](#) sem og starfsemi og stuðningur Fjölskyldumiðstöðvarinnar auk þess sem niðurstöður "Need to connect" verkefnisins og tilraunakennslunnar verða kynntar.



Co-funded by
the European Union

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



Happiness Academy

Happiness Academy hefur lokið tilraunakennslu á Need to connect námskrá og námsefni í samstarfi við KindyRoo í Búlgaríu.

KindyRoo er samstarfsnet miðstöðvar fyrir umönnun og uppeldi ungbarna sem hefur verið starfrækt með góðum árangri í 10 borgum í Búlgaríu. KindyRoo miðstöðvarnar hafa boðið upp á gagnreynda þjálfun og stuðning sem miðar að því að efla vitsmunaprofna barna. Foreldrar taka þátt í vikulegum vinnustofum KindyRoo.

Tilraunakennsla NTC átti sér stað milli 16. mars og 18. apríl 2023 og 11 ungar mæður tóku þátt. Námsefni var prentað út á búlgörsku og dreift til þátttakenda. Endurgjöf þátttakenda var mjög jákvæð. Ungu mæðurnar nefndu að eftirfarandi þættir þjálfunarinnar hefðu verið sérlega gagnlegir: tímastjórnun, forgangsroðun, SMART markmið, jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs.



DFW2W

Dutch Foundation of Innovation Welfare 2 hóf tilraunakennslu föstudaginn 28. júlí. Hún verður haldin 5 föstudaga í röð í júlí og ágúst: 28. júlí og 4., 11., 18. og 25. ágúst. Markhópur tilraunakennslunnar í Hollandi verða mæður í viðkvæmri félagslegri stöðu.



Co-funded by
the European Union

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



IC Geoss

IC Geoss mun tilraunakenna NTC námskrá og námsefni í september 2023. Vinnustofur verða á tveimur stöðum í samstarfi við miðstöðvar sem vinna með mæðrum á hvorum stað fyrir sig. Áætlað er að ljúka tilraunakennslunni um miðjan september, henni verður síðan fylgt eftir með lokamálfingi í lok september. Ákvörðunin um að fara í samstarf við miðstöðvarnar byggði á markmiðum Need to Connect verkefnisins um að skapa öruggt svæði og samskiptavettvang mæðra til að styrkja sig og valdepla í móðurhlutverkinu. Miðstöðvar fyrir mæður eru öruggt samfélag mæðra þar sem þær geta tjáð sig, sínar tilfinningar og þarfir tengdar móðurhlutverkinu. Þar geta þær deilt kvíða og áhyggjum meðal annarra kvenna í sömu sporum. Í gegnum samstarfið er markmið okkar að ná til eins margra mæðra og mögulegt er, styðja þær og valdepla. Allar mæður og verðandi mæður eru velkomnar að taka þátt. Frekari upplýsingar um tilraunakennsluna í Slóveníu má finna á heimasíðunni okkar: <https://www.ic-geoss.si/projekti/povezujmo-se/>


Ef þú hefur áhuga á að taka þátt þá getur þú líka haft samband í gegnum Facebook (<https://www.facebook.com/icgeoss>) eða sent okkur tölvupóst í netfangið eu-projects@ic-geoss.si.

CIS

Consultoría de Innovación Social stóð fyrir tilraunakennslu á NTC námskrár og námsefni í apríl 2023 í samstarfi við samtökin Málaga Acoge í bænum Torre Del Mar á Spáni. Málaga Acoge er einn af lykilhagaðilum í Málaga fylkinu og vinnur með viðkvæmum hópum með þjálfun, atvinnumiðlun, ungmennastarfi, samfélags- og sjálfböðavinnu. Fjölbreyttar námseiningar og skapandi æfingar veittu þátttakendum innblástur til að ígrunda stöðu sína og tengjast aftur þörfum sínum og markmiðum. Þær deildu tilfinningum sínum og áskorunum móðurhlutverksins, nutu skilnings og viðurkenningar þeirra sem voru í sömu sporum.



Hafðu samband
info@cis-es.org



Deildu þínum skoðnum og reynslu með okkur og taktu þátt í verkefninu!

Finndu okkur á netinu!



facebook.com/needtoconnectproject



Need to Connect



[need_to_connect](https://instagram.com/need_to_connect)



Vilnius University



Co-funded by the European Union

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.